

Október 2019



# Ferðumst saman

Heildarstefna í  
almenningssamgöngum  
milli byggða

**Stjórnarráð Íslands**

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

## HVAÐ ER STEFNA?


*Stefna felur í sér umfjöllun og ákvörðun um framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil, ávinning á tilteknu sviði eða sjónarmið og gildi sem byggt skal á. Stefna nær yfir tiltekið tímabil og er ætlað að stuðla að heildstæðri áætlanagerð, fyrirsjáanleika við töku ákvarðana um aðgerðir, árangursmati og markvissu eftirliti.*

*Innan stjórnarsýslunnar vísar hugtakið stefna einkum til þeirra pólitísku áherslna og umbóta sem stjórnvöld hyggjast framkvæma og greint er frá í stefnum fyrir einstök málefnasvið og málaflokka. Framkvæmdin kemur fram í aðgerðaáætlunum, ákvörðunum og athöfnum stjórnvalda, reglugerðum og lögum.*

*Undanfari stefnunnar er stöðumat sem felur m.a. í sér greiningu á lykilviðfangsefnum og eftir atvikum valkostum sem unnið er í samráði við hagsmunaaðila. Í stöðumatinu er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að taka þátt og leggja fram sjónarmið um áherslur, mögulegar lausnir eða leiðir að árangri í tilteknu viðfangsefni. Á þeim grunni útfæra stjórnvöld stefnu, þingsályktun eða lagafrumvarp til frekari umræðu og samráðs.*

*Í stefnu eru sett fram framtíðarsýn stjórnvalda, meginmarkmið og markmið ásamt fyrsta mati á áhrifum þeirra.*

### | Stefna er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda |



## EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR .....	4
2.	FERÐUMST SAMAN – HEILDARSTEFNA Í ALMENNINGSSAMGÖNGUM MILLI BYGGÐA .....	6
2.1	FRAMTÍÐARSÝN .....	6
2.2	MEGINMARKMIÐ .....	7
2.3	MARKMIÐ .....	8
2.3.1	MARKMIÐ 1 – Greiðar samgöngur.....	9
2.3.2	MARKMIÐ 2 – Öruggar samgöngur .....	10
2.3.3	MARKMIÐ 3 – Hagkvæmar samgöngur .....	11
2.3.4	MARKMIÐ 4 – Umhverfislega sjálfbærar samgöngur .....	13
2.3.5	MARKMIÐ 5 – Jákvæð byggðaðróun.....	14

## 1. Inngangur

Heildar stefnumörkun í almenningssamgöngum milli byggða á Íslandi er hér lögð fram í fyrsta sinn. Tilfni mótunar heildarstefnu um almenningssamgöngur milli byggða á Íslandi er að tengja saman skipulag á ferðamátunum þremur í lofti, láði og legi þannig að þeir styrki hver annan og stuðli þannig að bættu heildarkerfi og um leið auknu aðgengi og lífsgæðum um land allt.

Ríki, sveitarfélög og einkafyrirtæki reka almenningssamgöngur á Íslandi með ýmsum hætti. Stefna þessi miðast við þá aðkomu og þær leiðir sem ríkið kemur að með beinum hætti, þ.e. milli byggða. Almenningsamgöngur innan einstakra sveitarfélaga eru enda á forræði þeirra. Í þessu skjali er tekin sú stefna að skilgreina þá samgönguþjónustu sem *býður upp á reglubundna farþegaflutninga á ákveðinni leið eftir fyrirfram birtri áætlun að lágmarki 9 mánuði á ári og séu samfélagslega mikilvægir fyrir byggðir landsins*, sem almenningssamgöngur.

Almenningssamgöngur eru ekki aðeins samgöngumál heldur stuðla með beinum eða óbeinum hætti að öðrum markmiðum ríkisins svo sem á sviði byggða- og umhverfismála. Þannig tilgreina bæði byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024 og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030 almenningssamgöngur sem áherslumál. Stefnan sem hér er mörkuð er hluti samgönguáætlunar.

Almenningssamgöngur þrífast best á fjölmönnum svæðum þar sem byggð er þétt. Ísland er á hinn bóginn bæði fámennt auk þess sem íbúapéttleiki utan höfuðborgarsvæðisins er einn sá lægsti í Evrópu. Það þýðir að rekstur almenningssamgangna mætir óvígða meiri áskorunum en einmitt hér og er byggðaþróun mikilvæg ástæða fyrir aðkomu ríkisins að almenningssamgöngum á landsbyggðinni.

Núverandi skipulag almenningssamgangna milli byggða byggist á þróun sem hefur átt sér stað yfir áratuga skeið. Samgöngumátarnir þrír: flug, ferjur og almenningssvagnar hafa verið skipulagðir og reknir að stærstum hluta hver á sinn hátt og ekki endilega með heildarsýn í huga. Við innleiðingu þessarar stefnu er Vegagerðinni falin framkvæmd verkefnisins.

Stefna þessi er unnin á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og byggist hún á niðurstöðum stöðumats sem unnið var að mestu á árinu 2018 og að hluta í kjölfar samráðs á árinu 2019. Hægt er að kynna sér stöðumatið og valkosti sem fóru í Samráðsgátt stjórnvalda, endurskoðað í kjölfar samráðs á þessum [tengli](#).

### Lykilviðfangsefni

Almenningssamgöngur hafa verið og verða áfram mikilvæg stoð byggðar í landinu með því að tengja byggðir og auka aðgengi og jafnræði íbúa.

Til framtíðar er mikilvægt að þjónustan styrkist, farþegum fjölgi og að hún geti þróast í takt við breyttar þarfir, væntingar og geti nýtt sér þá möguleika sem tækninýjungar fela í sér. Aukin notkun og hlutdeild almenningssamgangna er þar að auki umhverfisvæn og stuðlar að því að markmið ríkisins í loftslagsmálum náist.

# DRÖG

Til þess að ná þessu fram þarf að vinna að eftirfarandi lykilviðfangsefnum á næstu árum:

1. Heildstætt leiðakerfi á lofti, láði og legi tengist saman og bjóði samþættar leiðir milli staða.
2. Gott aðgengi verði að upplýsingum um leiðir milli áfangastaða og farmiðkaup verði auðvelduð.
3. Tryggja að ferðamátinn sé samkeppnishæfur.
4. Öryggi farþega á ferðalögum sem og á biðstöðvum, flugstöðum og ferjuhöfnum verði tryggt.
5. Aðgengi allra að þjónustunni, þar með talið fatlaðs fólks og hreyfihamlaðs, verði eins og best verður kosið.
6. Tryggja samræmingu ferðamátanna og örugga framkvæmd þjónustunnar.

## 2. Ferðumst saman – heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða

Tilgangur almenningssamgangna er margvíslegur en í stuttu máli snýst hann um bætt aðgengi fólks að vinnu, skóla eða til að sækja þjónustu og menningu óháð því hvort það noti bíl. Annar mikilvægur tilgangur er að bjóða almenningi umhverfisvænan og hagkvæman valkost til ferða.

### Hlutverk almenningssamgangna

Almenningssamgöngur hafa það grunnhlutverk að tryggja aðgengi og hreyfanleika fólks, óháð fjárhag. Öflugar almenningssamgöngur milli byggða tengja þær saman, jafna stöðu fólks, styrkja og stækka atvinnu- og skólasóknasvæði og auka aðgengi að verslun og þjónustu. Í almenningssamgöngum sameinast margir um ferðir sem eykur afkastagetu innviða og dregur úr umferðartöfum. Almenningsamgöngur á sjó og í lofti geta rofið einangrun svæða sem ekki hafa trygga eða færa vegtengingu og tryggja að ferðatími þeirra sem lengst búa frá miðstöð stjórnsýslu á höfuðborgarsvæðinu sé ásættanlegur.

### 2.1 FRAMTÍÐARSÝN

**Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengir byggðir og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.**

Í samgönguáætlun koma fram sameiginleg framtíðarsýn og tvö meginmarkmið sem sett hafa verið fyrir alla málaflokka samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Er þetta hluti af samþættingu áætlana.

Framtíðarsýn um almenningssamgöngur er að heildstætt almenningssamgöngukerfi þjóni og tengi byggðir og stuðli með því að bættum lífsgæðum. Með því er stutt við atvinnu- og skólasókn og aðgengi að opinberri þjónustu auðveldað í nærumhverfi sem og að miðlægrri þjónustu sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu.

### Hlutverk samgangna

Góðar samgöngur og fjarskipta- og upplýsingatækni eru forsendur þess að í landinu búi sjálfstæð nútímaþjóð. Samgöngur hafa mikil áhrif á þróun byggðar og atvinnumála á Íslandi. Rannsóknir sýna að þróun byggðar í landinu og þróun samgöngukerfisins haldast í hendur og hafa áhrif hvor á aðra.

Samkeppnishæfni landsins á alþjóðamörkuðum á mikið undir greiðum samgöngum hvort sem er innanlands eða milli Íslands og annarra landa. Því er mikilvægt að líta á allt samgöngukerfið

# DRÖG

sem eina heild og tengsl hinna ýmsu hluta þess, svo sem vegakerfis, hafna og flugvalla, frekar en að einblína á hvern þátt fyrir sig.

Samgöngukerfið er lífæð hverrar þjóðar og mikilvægi þess verður seint ofmetið. Samgöngur snúast ekki aðeins um flutning fólks og farms á landi, sjó og í lofti heldur hefur samgöngum einnig ávallt fylgt flutningur upplýsinga og hugmynda. Þar hefur orðið bylting og mun upplýsingatæknin ráða miklu um þróun samgangna í framtíðinni.

Samgöngur snerta daglegt líf íbúa og ákvarðanir stjórnvalda skipta miklu máli. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi skýr markmið, framtíðarsýn og mælikvarða til að ná markmiðum.

## 2.2 MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitastjórnámálum eru:

<b>1</b>	<b>Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins</b>	<b>2</b>	<b>Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt</b>
----------	---	----------	--

Eins og áður segir hafa sameiginleg framtíðarsýn og tvö meginmarkmið verið sett fyrir alla málaflokka samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins og er það hluti af samþættingu áætlana. Við mótnun framtíðarsýnar og meginmarkmiða var unnið með breiðum hópi fulltrúa atvinnulífs og stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Farið hefur verið yfir tækifæri, áskoranir og forgangsroðun vegna tækniframfara og áhrif þeirra, samþættingu samgöngu-, fjarskipta-, sveitastjórnar- og byggðamála og skipulag opinberrar þjónustu á málefna sviðum ráðuneytisins.

<b>1</b> <b>Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins</b>	<p>Meginmarkmiðið felur meðal annars í sér eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Samgöngu- og fjarskiptakerfi mynda samþætta heild til hagsbóta fyrir einstaklinga og atvinnulíf.</li><li>• Grunnnet samgangna og fjarskipta á landi, í lofti og sjó er skilgreint og byggt upp með hliðsjón m.a. af öryggi, vinnusóknarsvæðum, tengingu landshluta og Íslands við umheiminn.</li><li>• Samgöngur og fjarskipti geri landsmönnum kleift að nálgast opinbera grunnþjónustu á sem stystum tíma og á öruggan hátt.</li><li>• Öryggisáætlanir í samgöngum og fjarskiptum eru uppfærðar reglulega og árangur mældur.</li></ul>
---	---

## 2

### Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt

Meginmarkmiðið felur meðal annars í sér eftirfarandi:

- Við forgangsröðun aðgerða verði tekið tillit til óska sveitarstjórna og sóknaráætlana landshluta.
- Skipulag og forgangsröðun samgangna og fjarskipta um land allt taki tillit til umhverfisgæða og lýðheilsu.
- Uppbyggingu heildstæðs almenningssamgöngukerfis um allt land.
- Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

Uppbygging heildstæðs almenningssamgöngukerfis um allt land er þannig hluti af meginmarkmiði um sjálfbærar byggðir um land allt um leið og það stuðlar að framgangi flestra hinna markmiðanna.

### 2.3 MARKMIÐ

Lögbundin markmið stefnu í samgöngumálum á Íslandi eru að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar, umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaðróun. Almenningsamgöngur stuðla að öllum þessum markmiðum.

Áherslur til stuðnings heildstæðu kerfi almenningssamgangna sem settar eru fram í þessari stefnu mótuðust á grunni greiningar og samtals við hagsmunaaðila bæði fyrir og eftir opið samráð á Samráðsgátt stjórnvalda.

Í skjalinu „*Ferðumst saman – stöðumat og valkostir*“ eru áherslur til stuðnings heildstæðu almenningssamgöngukerfi. Þessar áherslur eru hér tengdar við lögbundin markmið samgönguáætlunar:

<b>1</b>	<b>Greiðar samgöngur</b>	<b>2</b>	<b>Öruggar samgöngur</b>
<b>3</b>	<b>Hagkvæmar samgöngur</b>	<b>4</b>	<b>Umhverfislega sjálfbærar samgöngur</b>
<b>5</b>	<b>Jákvæð byggðaðróun</b>		



## 2.3.1 MARKMIÐ 1 – Greiðar samgöngur

Almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur við að stuðla að greiðum samgöngum. Samþætting ferðamátanna þriggja gefur almenningi kost á fjölbreyttari og skilvirkari möguleikum til þess að komast leiðar sinnar með hagkvæmum hætti.

Greiðar almenningssamgöngur					
Mælikvarðar		Staða 2018	Æskileg staða 2024	Ábyrgð	
1	A	Fjöldi flughreyfinga í áætlunar/leiguflugi innanlands <sup>1</sup>	31.852	37.500	Isavia
	B	Fjöldi ferða með ferjum	5.000	5.100	Vegagerðin / Vestmannaeyjabær
	C	Fjöldi ferða með almenningsvögnum <sup>2</sup>	79.000	84.000	Vegagerðin

Fjöldi ferða sem í boði eru gefur til kynna heildartíðni kerfisins. Tíðni ferða er góður mælikvarði á greiðar almenningssamgöngur.

### Helstu áherslur til að ná ofangreindu markmiði

Miðað er við að vinna að eftirfarandi áherslum til að bæta þjónustu almenningssamgangna og gera þær aðgengilegri og meira aðlaðandi fyrir notendur.

- 1) Heildstætt leiðakerfi almenningssamgangna milli byggða verði skilgreint m.t.t. samræmdra þjónustuviðmiða og samvirkni leiða.
- 2) Heildstætt leiðakerfi sé rýnt reglulega m.t.t. notkunar og vilja íbúa. Mikilvægt er að kanna hvernig fólk hagar ferðum sínum svo hægt sé að bregðast við og aðlaga þjónustu ef aðstæður breytast.
- 3) Vinna að því að koma á fót gagnvirkri upplýsingaveitu um heildstætt almenningssamgöngukerfi á landi, lofti og legi<sup>3</sup>.
- 4) Auka skal áherslu á markaðssetningu þjónustunnar.

<sup>1</sup> Hver leggur í innanlandsflugi er tvöfaldur á við millilandaflug (flugtak og landing).

<sup>2</sup> Þ.e. þeirra sem reknir eru með beinum opinberum rekstrarstyrk.

<sup>3</sup> Samanber aðgerð 10 í aðgerðaáætlun í loftslagsáætlun.

# DRÖG

- 5) Leita skal leiða til þess að tryggja að aðgengi fatlaðs fólks og hreyfihamlaðs að almenningssamgöngum milli byggða verði eins og best verður á kosið.

## Áhrif á íslenskt samfélag

Áherslurnar eiga það sameiginlegt að þær stuðla allar að bættu og auðveldara aðgengi að þjónustunni. Gagnvirk sameiginleg upplýsingaveita allra samgöngumáta auðvelda erlendum og innlendum notendum aðgengi að þjónustunni til mikilla muna og auðvelda þeim að nýta þá kosti sem í boði eru. Markaðssetning þjónustunnar er að sama skapi mikilvæg, bæði til þess að upplýsa notendur um hvað þeim stendur til boða en ekki síst til að ná til þeirra sem að jafnaði nota ekki almenningssamgöngur. Að lokum er mikilvægt að tryggt sé eins og kostur er að bæði fatlað fólk og hreyfihamlað njóti almenningssamgangna milli byggða til jafns við ófatlað fólk.

Sömuleiðis er það ljóst að fjölgun þeirra sem nýta sér almenningssamgöngur hefur jákvæð þjóðhagsleg áhrif hvort sem litið er til umhverfismála, slits á vegum eða á afkomu hins almenna borgara sem fær tækifæri til þess að tileinka sér bíllausan lífstíl.

### 2.3.2 MARKMIÐ 2 – Öruggar samgöngur

Samkvæmt tölulegum gögnum eru ferðir í almenningssamgöngum öruggari en t.d. ferðir í einkabíl eða á bifhjóli. Þannig minnka líkur á umferðartengdum slysum fyrir hvern þann sem kys að taka ferðalög með almenningssamgöngum fram yfir að aka sjálfur. Þannig stuðlar öflugt almenningssamgöngukerfi með beinum hætti að öruggari samgöngum.

Um leið er mikilvægt að innviðir og farartæki ferðamátanna stuðli að því að öryggi farþega sé eins og best verður á kosið.

Öruggar almenningssamgöngur					
Mælikvarðar		Staða 2018	Æskileg staða 2024	Ábyrgð	
2	A	Látnir í almenningssamgöngum	1	0	Samgöngustofa
	B	Hlutfall biðstöðva sem standast hönnunar- og öryggiskröfur	Ekki þekkt	90%	Vegagerðin / Isavia

# DRÖG

## Helstu áherslur til að ná ofangreindu markmiði

Öruggar almenningssamgöngur eru lykilatriði fyrir trausti almennings á þeim. Helstu áherslur til að vinna að framgangi markmiðsins eru:

- 1) Tryggja skal að farartæki í heildstæðu almenningssamgöngukerfi séu eins örugg og unnt er. Öryggisútbúnaður farartækja skal fylgja tækniþróun og ávallt vera í fremstu röð.
- 2) Greina skal leiðir til þess að auka gæði og öryggi biðstöðva allra samgöngumáta með samræmdum hönnunarleiðbeiningum og kröfum. Á helstu skiptistöðvum kerfisins ætti að tryggja aukna þjónustu og upplýsingagjöf.
- 3) Miða skal við að þeir innviðir sem sinna leiðakerfi almenningssamgangna séu í forgangi þegar kemur að vetrarþjónustu. Við allar framkvæmdir og viðhald sé sérstaklega tekið tillit til þjónustunar og leitað leiða til þess að truflun á henni verði sem minnst.

## Áhrif á íslenskt samfélag

Mikilvægi öruggra samgangna verður seint ofmetið enda hvert mannlíf ómetanlegt. Tölfræðin segir að að aukin notkun almenningssamgangna ein og sér er mikilvægt framlag að öruggari samgöngum.

Þær áherslur sem hér eru tilgreindar í átt á auknu öryggi miða ekki síst að innviðum almenningssamgangna sem og farartækjum. Þannig miða þær við það að hámarka þann öryggisábata sem þjónustan getur stuðlað að. Þar fyrir utan stuðla þær að því að auka öryggistilfinningu notenda, hvort sem er á ferðalaginu sjálfu eða við bið á biðstöð.

Náist þær áherslur sem mælikvarðar markmiðsins stefna að þýðir það öruggara almenningssamgöngukerfi sem stuðlar með virkum þætti að því að minnka tjón samfélagsins vegna umferðarslysa.

### 2.3.3 MARKMIÐ 3 – Hagkvæmar samgöngur

Almenningssamgöngur stuðla að hagkvæmum samgöngum með ýmsum hætti. Á þéttbýlum svæðum stuðla þær að því að auka afkastagetu innviða og draga þannig úr umferðartengdum töfum. Á sumum stöðum eru þær hagkvæmar lausnir til þess að rjúfa einangrun þar sem veltenging er skert tímabundið, m.a. vegna vetrarófærðar. Að lokum er miðað við að almenningssamgöngur séu hagkvæmur valkostur fyrir landsmenn til þess að komast leiðar sinnar.

Fjármagn eru takmörkuð gæði í opinberri þjónustu. Því er mikilvægt að það nýtist sem best og ávallt sé leitað leiða til að hámarka gæði og þjónustu eins og hægt er.

Farþegatekjur eru mikilvægur hluti fjármögnunar almenningssamgangna. Það getur því verið erfið ákvörðun fyrir þá sem reka þjónustuna að lækka fargjöld. Á sama tíma er þjóðhagslegur

# DRÖG

Ávinningur af rekstri þjónustunnar mjög tengdur því hversu vel hún er nýtt. Kostnaður einstaklinga, fargjöld, eru augljós áhrifaþáttur á það hvort hún er valin eður ei.

<b>Hagkvæmar almenningssamgöngur</b>					
<b>Mælikvarðar</b>		<b>Staða 2018</b>	<b>Æskileg staða 2024</b>	<b>Ábyrgð</b>	
<b>3</b>	<b>A</b>	Verðlag innanlandsflugs samanborið við þróun almenns verðlags. (2018=100)	100	100 eða lægra	Hagstofan
	<b>B</b>	Verðlag í almenningssvögnum samanborið við þróun almenns verðlags. (2018=100)	100	100 eða lægra	Vegagerðin

Verð almenningssamgangna er mikilvægur áhrifaþáttur á notkun þeirra og um leið samkeppnishæfi við valmöguleikann að „aka einn í bíl“. Mikilvægt er að skoða alla möguleika að í þá átt að auka samkeppnishæfni þjónustunnar, þ.m.t. farmiðaverð, uppbyggingu gjaldskrár, aukin kostnaðarþátttaka auk afsláttakorta fyrir þá sem ferðast mikið.

## Helstu áherslur til að ná ofangreindu markmiði

Helstu leiðir til að ná markmiðum um hagkvæmni eru:

- 1) Greina þarf leiðir til þess að ferðalög með almenningssamgöngum séu samkeppnishæf við valmöguleikann að „aka einn í bíl“, þ.m.t. uppbyggingu gjaldskrár og almenn fargjöld.
- 2) Tryggja að leiðakerfi og þjónusta ferðamátanna þriggja sé samþætt. Mikilvægt er að saman fari fjárhagsleg ábyrgð og ábyrgð á skipulagningu þjónustunnar.
- 3) Greiðna leiðir til þess að styrkja lagaumhverfi almenningssamgangna svo það styðji betur við þjónustuna. Sömuleiðis verður löggjafinn að vera vakandi fyrir tækifærum sem þróun á sviði samgöngulausna geta veitt og að tryggja að löggjöf fylgi með, styðji við en hindri ekki framgang þeirra<sup>4</sup>.

## Áhrif á íslenskt samfélag

Skilvirkur rekstur almenningssamgangna er lykilþáttur í því að þjónustan nái að vaxa og dafna, öllum til hagsbóta. Tækifæri eru til að nýta nýjar lausnir á sviði samgöngu- og deilipjónustu við

<sup>4</sup> Sbr. aðgerð 10 í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

# DRÖG

að útvíkka þjónustusvæði almenningssamgangna þannig að landsmenn hafi aðgang að henni skammt frá heimili sínu.

Samkeppnishæf fargjöld og einfölduð verðskrá er augljós leið til þess að styrkja samkeppnishæfni almenningssamgangna.

## 2.3.4 MARKMIÐ 4 – Umhverfislega sjálfbærar samgöngur

Almenningssamgöngur er lykilþáttur í loftslagsmarkmiðum stjórnvalda enda eru þær umhverfisvæn valkostur í ferðalögum milli byggða.

Umhverfislega sjálfbærar almenningssamgöngur					
Mælikvarðar		Staða 2018	Æskileg staða 2024	Ábyrgð	
4	A	Kolefnislosun á hvern farþegakm. í innanlandsflugi	Staðan nú	-10%	Vegagerðin / rekstraraðilar
	B	Kolefnislosun á hvern farþegakm. í ferjusiglingum	Staðan nú	-10%	Vegagerðin
	C	Kolefnislosun á hvern farþegakm. vegna aksturs almenningssvagna	Staðan nú	-10%	Vegagerðin

Þeir mælikvarðar sem tilgreindir eru undir þessu markmiði miða allir að því að almenningssamgöngur stuðli með beinum hætti að minni losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Margs konar vistvæn farartæki eru nú þegar í boði og líklegt er að á næstu árum muni þeim fjölga og að þeir verði samkeppnishæfir bæði í tækni og verði við þá kosti sem notaðir eru í dag.

### Helstu áherslur til að ná ofangreindu markmiði

- 1) Stuðla að því að farartæki í almenningssamgöngukerfinu séu eins vistvæn og kostur er. Kanna skal möguleika á notkun vistvænna, innlendra orkugjafa.
- 2) Bættir innviðir til notkunar vistvænna orkugjafa í almenningssamgöngum styðji við að ný umhverfisvæn tækni ryðji sér til rúms.

## Áhrif á íslenskt samfélag

Til framtíðar er stefnt að því á öllum sviðum samgangna að draga úr óæskilegum umhverfisáhrifum. Í almenningssamgöngum milli byggða eru það helst með tvennum hætti sem stuðlað er að því marki:

- Í fyrsta lagi er mikilvægt að almenningssamgöngur séu samkeppnishæfar samanborið við ferðalög með bifreiðum. Umhverfisáhrif á hvern farþega fara mjög eftir því hversu margir þeir eru í hverri ferð. Bætt nýting á afkastagetu er lykilþáttur í þessa átt.
- Í öðru lagi er mikilvægt að stuðlað verði að því að farartækin sjálf séu eins vistvæn og kostur er og draga megi þannig úr óæskilegum umhverfisáhrifum.

Aukin hlutdeild vistvænna farartækja og þar með minnkað vistspor þjónustunnar kemur öllum Íslendingum til góða. Umhverfis- og loftslagsmál verða sífellt mikilvægari málaflokkur og því nauðsynlegt að á öllum sviðum sé leitað leiða til þess að styðja við markmið þeim tengdum.

Náist viðmið sem mælikvarðar um umhverfislega sjálfbærar samgöngur leggja til stuðlar það að því að markmið stjórnvalda í loftslagsmálum nái fram að ganga. Þar að auki er aukin notkun vistvænna, innlendra orkugjafa góð efnahagslega fyrir framleiðendur slíkrar orku og dregur úr gjaldeyrisþörf vegna minnkandi kaupna á innfluttum orkugjöfum.

### 2.3.5 MARKMIÐ 5 – Jákvæð byggðapróun

Almenningssamgöngur milli byggða eru lykilþáttur í að bæta lífsskjör með því að auka aðgengi allra. Þær tengja saman byggðir og styrkja vinnu- og skólasóknarsvæði. Almenningsamgöngur eru einnig mikilvægar fyrir bætt aðgengi að miðlægi þjónustu sem er að finna á höfuðborgarsvæðinu.

Jákvæð byggðapróun				
5	Mælikvarðar	Staða 2018	Æskileg staða 2024	Ábyrgð
	Fjöldi farþega með innanlandsflugi	370 þús.	440 þús.	Vegagerðin/ Isavia
	Fjöldi farþega með ferjum	450 þús.	520 þús.	Vegagerðin
	Fjöldi farþega með almenningsvögnum <sup>5</sup>	400 þús.	480 þús.	Vegagerðin

<sup>5</sup> Þ.e. þeirra sem reknir eru með beinum opinberum rekstrarstyrk.

# DRÖG

Mæling á fjölda farþega og farþegakílómetra er ein af grunnstærðum til þess að meta hvernig kerfið nýtist almenningi.

## Helstu áherslur til að ná ofangreindu markmiði

- 1) Heildstætt leiðakerfi almenningssamgangna þarf að endurskoða með samræmdum viðmiðum um þjónustu. Líta skal til þátta eins og íbúapéttleika og notkunar. Auk þess sem líta skal til þess að uppfylla svæðisbundnar þarfir.
- 2) Leita skal leiða til þess að sjónarmið notenda og heimamanna fái notið sín til þess að tryggja gæði leiðakerfisins og í þeim tilgangi að ná fram samnýtingu og samtengingu við aðra þjónustu, svo sem skólaakstri, vinnustaðakstri og almenningssamgöngukerfum innan sveitarfélaga.
- 3) Greina skal hvernig hvernig almenningssamgöngur geta styrkt vinnu- og skólasóknarsvæði, með það fyrir augum að fjölga þeim sem nýta sér almenningssamgöngur í og úr vinnu og skóla.
- 4) Greina kosti þess að lykilleiðir almenningssamgöngukerfisins verði hluti af grunnneti samgangna.

## Áhrif á íslenskt samfélag

Mikilvægt er að sömu viðmið séu notuð til þess að ákvarða þjónustu almenningssamgangna um land allt. Um leið er mikilvægt að einstaka sveitarfélög eða svæði geti haft áhrif á þjónustuna. Tækifæri eru til að styrkja kerfið með samvinnu við aðra aðila um þjónustu sem þeir veita eins og nokkur dæmi eru um hér á landi. Sterkar almenningssamgöngur milli byggða styrkja grundvöll þeirra með bættu aðgengi og auknum lífskjörum. Þannig eru almenningssamgöngur þýðingarmikið byggðamál.

Liður í því að búsetuskilyrði teljist ásættanleg er að tryggja gott aðgengi að opinberri þjónustu sem af hagkvæmnisrökum er stundum aðeins í boði á höfuðborgarsvæðinu.

Í núverandi kerfi eru flestar fjölmennar byggðir tengdar með almenningssamgöngum. Ljóst er að ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að öllum svæðum í byggð á Íslandi sé þjónað með þeim almenningssamgöngum sem reknar eru í dag.